



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

Þjóðbúningamóttaka á Bessastöðum

Forseti Íslands mun í dag, laugardaginn 15. júní kl. 15:00, taka á móti stjórn, nefndum og kennurum Heimilisiðnaðarfélags Íslands á Bessastöðum í tilefni af 100 ára afmæli félagsins. Félagsmenn munu mæta í íslenskum þjóðbúningnum og er fréttamönnum heimilt að vera viðstaddir móttökuna.

Hlutverk Heimilisiðnaðarfélagsins er að vernda þjóðlegan íslenskan heimilisiðnað, auka hann og efla, stuðla að vöndun hans og fegurð og vekja áhuga landsmanna á því að framleiða fallega og nytsama hluti, er hæfi kröfum nýs tíma með rætur í þjóðlegum menningararfi.

Heimilisiðnaðarfélag Íslands leggur kapp á að standa vörð um þjóðbúninga íslenskra kvenna og karla og mun í næsta mánuði gefa út bók um íslenska faldbúninginn.

15. júní 2013